

AUGLÝSING

um deiliskipulag norðan og austan Glerárkirkju, Akureyri.

Skv. skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Akureyrar á fundi sínum 3. júní 2003 samþykkt nýtt deiliskipulag á reit, sem afmarkast til suðurs af Arnarsíðu og lóð Glerárkirkju, til vesturs af Bugðusíðu, til norðurs af lóð Bjargs og göngustíg meðfram raðhúsalóð við Lindasíðu og til austurs af Hlíðarbraut.

Í skipulaginu er gert ráð fyrir 8 íbúðum í einnar hæðar raðhúsum við Arnarsíðu, 32 íbúðum í 2-ja hæða fjölbýlis- og keðjuhúsum við nýja götu út úr Bugðusíðu sunnan Bjargs og 16 íbúðum í 2-ja hæða keðjuhúsum við enda Lindasíðu. Austur af kirkjunni liggur opið svæði.

Uppdráttur með greinargerð hefur hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Akureyri, 25. ágúst 2003.

Bjarni Reykjalin,
skipulags- og byggingarfulltrúi.